



Þegar mæla á upp eignamörk landeigna sem aðeins hafa verið staðfest með landamerkjalyngu er fyrsta skref landeigenda að kanna hvaða gögn eru þegar til um afmörkun eignanna.

Hægt er að skoða eignir á loftmynd í vefsíðu landeigna.

1 Hvar er meiri upplýsingar að finna?

Gögn um eignamörk getur verið að finna hjá sveitarfélögum, sýslumanni og í landamerkjabókum (sjá landamerkjavef þjóðskjalasafnsins). Að auki geta landeigendur sjálfir lumað á einhverjum skjölum.

2 Hvað þarf að gera?

Best er að setja sig strax í samband við skipulags- og byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags. Mæliblöð þurfa alltaf hans samþykki fyrir staðfestingu og öll skráning fer í gegnum hann.

Ekki er nauðsynlegt að mæla upp öll eignamörk landeignar á sama tíma heldur er hægt að vinna verkið í eins stórum skömmtum og hentar hverju sinni.

Hafa þarf samband við mælinga- eða kortagerðarmann. Þá er að finna hjá verkfræðistofum, teiknistofum og sjálfstætt starfandi um allt land. Þá geta kortagerðarfyrirtæki tekið að sér hnitun eftir loftmyndum, þar sem það á við. Skipulags- og byggingaryfirvöld sveitarfélaga geta vafalaust bent á reynt fólk í faginu.

3 Hvað svo?

Landeigandi sem kaupir uppmælingu fær í hendur mæliblað þar sem uppmæld eignamörk eru sýnd á korti. Að auki þarf að útbúa yfirlýsingu þar sem gjörningurinn er settur fram í orðum. Stundum er hægt að fá yfirlýsinguna unna samhliða uppmælingunni og er hún þá hluti af mæliblaðinu. Að öðrum kosti getur skipulags- og byggingarfulltrúi aðstoðað við gerð textans.

Saman verða textinn og mæliblaðið að **landamerkjayfirlýsingu sem allir hlutaðeigandi landeigendur þurfa að samþykkja með undirskrift sinni**. Athugið að hér er átt við landeigendur beggja vegna hverra eignarmarka. Verulegur vinnusparnaður getur því hlotist af því fyrir landeigendur að vinna saman allt frá upphafi – svo ekki sé minnst á dreifingu kostnaðar. Þjóðskrá Íslands 2016 - Landupplýsingadeild



4 Hvernig fæst það staðfest?

Landamerkjayfirlýsing er skilað til sveitarfélags til yfirferðar. Landeigandi fær stimplað og undirritað eintak yfirlýsingarinnar til baka frá sveitarfélagi og fer sjálfur með til þinglýsingar. Athugið að eintakið sem fer til þinglýsingar þarf bæði að bera undirskriftir allra eigenda og sveitarfélagsins.

Skipulags- og/eða byggingarfulltrúi skráir svo eftir atvikum nýjar upplýsingar inn í miðlægt skráningarkerfi og afhendir Þjóðskrá Íslands skráningu og mæliblað til yfirferðar. Mælipunktur og afmörkun eru færð inn í landupplýsingarkerfi og afmörkunin birt í vefsíðu landeigna.

Athugið að ef yfirlýsingin fer beint í þinglýsingu, án viðkomu hjá sveitarfélagi og Þjóðskrá Íslands, getur orðið veruleg töl á að hnitsett eignamörk verði sýnileg í vefsíðu landeigna.

5 Hver er kostnaðurinn?

Kostnaður við uppmælingu fer eftir stærð landeignar, fjöldi uppmældra punkta og vinnu við öflun heimilda. Þjóðskrá Íslands innheimtir ekki gjald fyrir skráningu uppmældra eignamarka eða stærðar landeigna sem þegar hafa skráð landeignarnúmer.

Hægt er að hafa samband við okkur í tölvupóstfang land@skra.is